


Umhverfisstofnun Ab. SF
31 OKT. 2003 54.3
Tilv. UST20030700193



Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

Suðurlandsbraut 24
IS - 108 Reykjavík, Ísland

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Skipulagsstofnun
Sigurður Ásbjörnsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík

30. október 2003

Tilvísun: UST20030700193/sf

Múlavirkjun í Eyja- og Miklaholtshreppi. Frekari umsögn.

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar, dags. 17. október sl., þar sem óskað er álits Umhverfisstofnunar á því hvort ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum, að teknu tilliti til 3. viðauka í lögum nr. 106/2000. Með erindinu fylgdu ný gögn um útfærslu virkjunarinnar og áhrif hennar á lífríki.

Í frekari umsögn Umhverfisstofnunar um Múlavirkjun í Eyja- og Miklaholtshreppi, dags. 20. ágúst sl., komst stofnunin að þeirri niðurstöðu að viðbótarupplýsingar staðfestu fyrri niðurstöðu þess efnis að líkur væru á að framkvæmdin myndi valda umtalsverðum umhverfisáhrifum á búsvæði straumandar. Auk þess taldi stofnunin enn óljóst hvaða áhrif yrðu á annað fuglalíf og gróður við Baulárvallavatn. Nú liggur fyrir skýrsla Jóhanns Óla Hilmarssonar um fuglalíf á Baulárvallavatni og Straumfjarðará, sem unnin var að beiðni framkvæmdaraðila. Jafnframt liggur fyrir umsögn Veiðimálastofnunar um fyrirkomulag vatnstöku úr inntakslóni Múlavirkjunar neðan við Baulárvallavatn.

Í skýrslu Jóhanns Óla Hilmarssonar um fuglalíf kemur fram að áhrif fyrirhugaðra framkvæmda við Straumfjarðará á aðra fugla en straumönd eru lítil. Bent er á að stöðugra vatnsborð Baulárvallavats er jákvætt fyrir himbrima, fuglategund sem er á valista Náttúrufræðistofnunar Íslands, og eykur líkur á að hann verpi við vatnið. Jafnframt er bent á þann möguleika að setja fljótandi hólma í vatnið og búa þannig til varpstað fyrir himbrima. Í fyrrgreindri skýrslu kemur einnig fram að upptök Straumfjarðarár eru mikilvægur viðkomustaður straumanda sem lifa á öllu vatnasviði Baulárvallavats og mögulega enn stærra svæði, s.s. þveráa Straumfjarðarár og áa sem renna í Baulárvallavatn og Hraunfjarðarvatn og víðar í nágrenninu. Straumöndin nýtir gjarnan flóttaleiðina inn á vötnin sé hún áreitt á ánum.

Í skýrslu Jóhanns Óla Hilmarssonar kemur fram að það sé lykilatriði varðandi lífríki árinna hvað verði um lífrænt rek í vatninu. Svæðið neðan vats er fæðuuppspretta fyrir straumönd og staðbundinn urriði í Baulárvallavatni nýtir útfallið til hrygningar og seiðauppeldis, sbr. umsögn Veiðimálastofnunar dags. 10. október sl. Því er mikilvægt að þess verði gætt við framkvæmdirnar að lífrænt rek berist áfram niður ána. Framkvæmdaraðili hefur í ljósi þessara

ábendinga breytt útfærslu virkjunarinnar. Fyrirhuguð stífla hefur verið færð ofar í árfarveginn en ráðgert var í upphafi, sbr. kort sem fylgdu viðbótargögnum, en við þá breytingu munu straumendur hafa góðan aflíðandi kafla ofan við flúðirnar í gilinu, ofan við fossinn hjá Þvergili. Þá miðar hönnun yfirfalls við það að líkja sem mest eftir náttúrulegu afrennsli, þannig að rekið skili sér til árinna. Yfirfallið verður aflíðandi og mun vatnið renna í eins konar læk eftir því. Í umsögn Veiðimálastofnunar um fyrirkomulag vatnstöku úr inntakslóni Múlavirkjunar kemur fram að talið er ólíklegt að lífrænar leifar nái að botnfalla í verulegum mæli miðað við áætlaðan hraða endurnýjunar vatns í lóninu og því ætti lífrænt rek að skila sér að stærstum hluta áfram niður ána og nýttast botndýrum neðar í ánni. Stofnunin bendir á að við myndun lónsins sé áriðandi að hrygningarstöðvar fyrir urriðann verði skertar sem minnst, en það markmið eigi að nást ef efsti hluti Straumfjarðarár neðan við vatn fari ekki undir lón og þess verði gætt við endanlega hönnun mannvirkja.

Miðað við þær breytingar sem gerðar hafa verið á hönnun mannvirkja og staðsetningu þeirra telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að framkvæmdirnar muni hafa umtalsverð áhrif á fuglalíf við Straumfjarðará og Baularvallavatn eða staðbundinn stofn urriða. Stofnunin tekur undir ábendingar þess efnis að mikilvægt sé að fylgjast með framvindu fuglalífs og þá sérstaklega straumandar til að fylgjast með raunverulegum áhrifum virkjunarinnar á fuglalíf. Stofnunin telur ánægjulegt að framkvæmdaraðili hyggst fela bæði fuglafræðingi og fiskifræðingi að fylgjast með hver áhrif virkjunarinnar á lífríkið verða næstu árin, þar sem með því fáist dýrmætar upplýsingar fyrir framtíðina og unnt verði að bregðast við í tíma ef eitthvað ætlar að fara úrskeiðis.

Í bréfi framkvæmdaraðila til Skipulagsstofnunar dags. 15. október sl. kemur m.a. fram að áhrif á gróður við Baularvallavatn verði engin þar sem vatnið komi aldrei til með að fara yfir núverandi flóðhæð. Framkvæmdaraðili bendir einnig á að þar sem stíflan færist talsvert ofar í ána verði lónið mjög lítið og áhrif af því vart teljandi. Umhverfisstofnun bendir á að við hækkun á vatnsborði Baularvallavatns mun gróðurlendi fara undir vatn sem verður fyrir áhrifum af árstíðabundnum flóðum. Stofnunin telur að virkjunin muni hafa varanleg áhrif á gróður við vatnið, þrátt fyrir að árstíðabundin sveifla hafi væntanlega haft einhver áhrif á góðurfarið fram að þessu. Umhverfisstofnun hefur einnig bent á það í fyrri umsögnum sínum að ekki liggja fyrir upplýsingar um tegundafjölbreytni á svæðinu né hvort þar finnist sjaldgæfar tegundir. Þá er rétt að benda á að hækkun vatnsborðs getur haft áhrif á botngróður í vatninu vegna breyttra birtuskilyrða í vatninu samfara auknu dýpi.

Með hliðsjón af umfangi framkvæmdanna telur Umhverfisstofnun að leiða megi að því líkum að fyrirhuguð virkjun muni ekki hafa umtalsverð umhverfisáhrif á gróðurlendi sem slík. Hins vegar liggja ekki fyrir upplýsingar um tegundafjölbreytni eða hvort sjaldgæfar tegundir eru á svæðinu.

Niðurstaða


Að teknu tilliti til breytinga á útfærslu Múlavirkjunar og viðbótarupplýsinga um fuglalíf og fyrirkomulag vatnstöku úr inntakslóni virkjunarinnar er það mat Umhverfisstofnunar að ekki sé líklegt að framkvæmdin hafi í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif á fuglalíf eða fiska. Hvað varðar áhrif á gróður telur Umhverfisstofnun að enn ríki óvissa um áhrif á einstakar tegundir en leiða megi að því líkum að framkvæmdin muni ekki hafa umtalsverð áhrif á gróðurlendi.



Umhverfisstofnun leggur áherslu á að mikilvægt er að fylgja því eftir að fylgst verði með áhrifum virkjunarinnar á lífríki næstu árin eins og áformað er samkvæmt gögnum framkvæmdaraðila.

Virðingarfyllt,


Sigrós Friðriksdóttir


Gunnar S. Jónsson
Staðgengill forstöðumanns
framkvæmda- og eftirlitssviðs